

# 275. fundur Skólanefndar FS

## 14. febrúar 2006



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Albert Albertsson, Garðar Páll Vignisson, áheyrnarfulltrúinn Guðbjörg Jónatansdóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Vorönn 2006.
  2. Skólasamningur 2006-2008.
  3. 30 ára afmæli skólans.
  4. Önnur mál.

### 1. Vorönn 2006.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar og kynnti tölur yfir fjölda nemenda. Alls eru 1120 virkir nemendur í skólanum og hafa þeir aldrei verið fleiri. Fjárhagsstaða skólans er góð. Verið er að undirbúa viðræður við kennara skólans vegna nýs launakerfis kennara. Einnig rætt um skólaakstur.

### 2. Skólasamningur 2006-2008.

Skólameistari kynnti skólasamning fyrir 2006-2008 sem verður formlega undirritaður á næstunni.

### 4. 30 ára afmæli skólans.

Skólameistari ræddi um 30 ára afmæli skólans. Ákveðið að ræða afmælið nánar á næsta fundi og þá verði skipað í afmælisnefnd.

### 5. Önnur mál.

- a) Garðar Páll sagði frá því að netagerðir í Grindavík hafa sýnt áhuga á samstarfi við skólann varðandi kennslu í netagerð. Þá hafa Grindvíkingar áhuga á frekara samstarfi varðandi fullorðinsfræðslu og starfsemi öldungadeildar.
- b) Rætt um notkun munntóbaks. Skólanefnd lýsir áhyggjum yfir aukinni notkun munntóbaks og hvetur til þess að skólayfirvöld leiti allra leiða til að draga úr henni, m.a. í samstarfi við íþróttahreyfinguna og nemendafélag.
- c) Albert benti á mikilvægi tungumála í viðskiptum og alþjóðasamstarfi og ræddi um að hvetja nemendur til að læra tungumál eins og kínversku, japönsku og rússnesku.
- d) Albert sagði frá sýningu í tengslum við orkuveitu Hitaveitu Suðurnesja á Reykjanesi og hvatti til þess að kennarar skólans kynntu sér hana með frekara samstarfi í huga. Þá taldi hann að nemendur skólans gætu tekið þátt í sumum rannsóknarverkefnum Hitaveitunnar.

- e) Skólameistari sagði frá samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun sem hefur óskað eftir aðstoð skólans vegna stuðnings við sjómannaskóla í Namibíu.
- f) Skólameistari ræddi um grein í Víkurfréttum um einelti í skólanum. Hann tók fram að tekið væri ákveðið og faglega á öllum slíkum málum í skólanum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari